

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Minningarsjóðs Veðramótshjóna, Þor- 105
bjargar Stefánsdóttur og Björns Jónssonar, hreppstjóra og dbrm., útgefin á venju- 3. júlí
legan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. júlí 1957.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Veðramótshjóna, Þorbjargar Stefánsdóttur
og Björns Jónssonar hreppstjóra og dbrm., til verðlauna-
veitinga fyrir skólabörn á Sauðárkróki og umhverfi.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður í minningu um Þorbjörgu Stefánsdóttur frá Heiði í Gönguskörðum, Skagafirði (f. 28. sept. 1855) og Björn Jónsson frá Háagerði á Skagaströnd í Húnavatnssýslu (f. 14. júní 1848). Er í fyrstu mynd til sjóðsins stofnað með kr. 3000.00 af Jóni skólastjóra á Sauðárkróki, syni þeirra hjóna, árið 1952, er hann lét af störfum að lögum eftir 50 ára starf við barna- og ungmennakennslu. Var sjóðurinn síðan aukinn að mun af öðrum systkinanna á 100 ára ártíð Þorbjargar móður þeirra.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita viðurkenningu skólabörnum á Sauðárkróki og annars staðar á svæði Sauðárhrepps forna fyrir auðsýnda háttvísi og góðleik, og vinna þannig að því að örva börn til siðferðislegrar þroskaviðleitni með þrúðmannlegri framkomu og allri kurteisi í skóla og utan.

3. gr.

Sjóðurinn var í árslok 1955 kr. 5409.62. Það skólaár var byrjað að veita viðurkenningar úr sjóðnum (samkv. 6. gr.). Skál síðan að jafnaði, þar til sjóðurinn er 12 þús. kr., veita árlega allt að hálfum vöxtum hans til skólabarna í Sauðárkróki. Síðan, þar til hann er 30 þús. kr., allt að $\frac{2}{3}$ ársvaxtanna og þá einnig einu barni úr öðrum skóla, ef til er á svæði Sauðárhrepps forna utan Sauðárkróks. Eftir að sjóðurinn er orðinn 30 þús. krónur má veita allt að $\frac{4}{5}$ ársvaxtanna hverju sinni, og þá má rýmka þannig verksvið hans, að styrk megi veita efnilegum og háttþrúðum nemanda á nefndu svæði alls Sauðárhrepps forna, einum eða fleirum, til frekari menntafrankvæmda. Þegar sjóðurinn er orðinn 50 þús. kr. má veita allt að $\frac{1}{10}$ ársvaxtanna.

4. gr.

Sá hluti ársvaxta, er ekki kemur til notkunar samkv. þessu, fellur til höfuðstólsinnstæðu. Sömuleiðis það sem sjóðnum kann að áskotnast í gjöfum, áheitum eða á annan hátt, nema sérstök ráðstöfun fylgi. Finni stjórn sjóðsins eitthvert ár eigi ástæðu til að veita neitt úr sjóðnum til viðurkenninga, eða færri bekkjum en þrem (sbr. 6. gr.), fellur sá hluti vaxta, sem þannig er ónotaður, einnig til höfuðstólsins.

5. gr.

Innstæðu sjóðsins má aldrei skerða.

6. gr.

Úr sjóðnum má hverju sinni aðeins veita þeim börnum viðurkenningu, er skólastjóri og kennarar telja að skari fram úr öðrum að auðsýndum góðleik og óeigin-

105 girni, ástundun og reglusemi, kurteisi og allri þrúðmennsku í sambúð og fram-
 3. júlí komu, í leik og starfi utan skólahúss og innan. Veita má þá einu barni úr hverjum bekk hinna 3 elztu bekkja. — Ef mjög virðist erfitt, eftir kynningu á skólaárinu, að gera upp á milli einhverra barna í þessu efni, má þá varpa hlut á milli 2—3 barna í hverjum bekk. — Þau börn, hverra hlutur ekki kemur upp við slíkt hlutkesti, skulu þó nefnd við úthlutun allt að einu. Fer úthlutun jafnaðarlega fram við skólaslit og af skólastjóra.

7. gr.

Eigi skal barni veita viðurkenningu eða verðlaun úr sjóðnum nema einu sinni.

8. gr.

Verðlaun úr sjóðnum skulu einkum veitt í vel völdum bókum, við hæfi barna eftir aldri þeirra og þroska. Skal þá bók hver vera í smekklegu bandi og með vandaðri áletrun: Nafn barns og aldur og ártal, verðleikar þess og nafn skólans.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. — Skal ársreikningur hverju sinni lagður fram í tíma til endurskoðunar fyrir sóknarprest Sauðárkrókssóknar, sem er sama svæði nú, er áður var Sauðárhreppur forni (þar sem ofanefnd hjón störfuðu lengst af að barnauppeldi, búskap og opinberum störfum, og stofnandi sjóðsins einnig). Fylgir svo ársreikningur, endurskoðaður, reikningum sóknarinnar til héraðsfundar til samþykkis ár hvert.

10. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af skólastjóra Sauðárkróksbarnaskóla, aðalkennara hvers af þrem þeim elztu bekkjum skólans og formanni fræðsluráðs. Er skólastjóri jafnframt formaður stjórnar og reikningshaldari sjóðsins. Sér stjórnin um að eign sjóðsins sé ávallt ávöxtuð sem tryggast og bezt. — Er ætlað til þess að störf fyrir sjóðinn séu af hendi innt endurgjaldslaust.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Sauðárkróki, 14. júní 1957.

Jón P. Björnsson
 (fyrrv. skólastjóri).